

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi
bt: Erna Karen Óskarsdóttir

Akureyri, 29. maí 2020
UST202004-296/S.R.B.
08.12.01

Tilkynning um ákvörðun Umhverfisstofnunar vegna útgáfu starfsleyfis fyrir Háafell ehf. í Ísafjarðardjúpi

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Háafells ehf. vegna sjókvíaeldis í Ísafjarðardjúpi.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstaraðila til sjókvíaeldis með hámarkslífmassa að 7.000 tonnum á ári (6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski) í Ísafjarðardjúpi.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um breytinguna er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Starfsleyfið öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir starfsleyfið til 28. maí 2036.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt breytingum og greinargerð vegna útgáfu þess og breytingu. Umhverfisstofnun sendir hér með Matvælastofnun breytt starfsleyfi sbr. 4. gr. a laga nr. 71/2008 um fiskeldi og skal afhent og birt umsækjanda.

Virðingarfyllst



Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur



Sverrir A. Jónsson
teymisstjóri

STARFSLEYFI

Eldi á regnbogasilungi og þorski

Háafell ehf.,
Ísafjarðardjúp
Lögheimili:

Nauteyri, 510 Hólmavík,
Kt.: 520199-3149

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Háafell ehf., kt. 520199-3149, fyrir sjókvíaeldi á regnbogasilungi og þorski í Ísafjarðardjúpi. Háafell ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin opinber leyfi. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til eldis á regnbogasilungi og þorski. Hámarkslífmassi á hverjum tíma má ekki fara yfir 7.000 tonn (6.800 tonn af regnbogasilungi og 200 tonn af þorski). Um er að ræða eldi í sjókvíum og skal það vera staðsett innan þeirra svæða sem tilgreind eru í viðauka 1 og 2. Starfsleyfið nær til þriggja sjókvíaeldissvæða í Ísafjarðardjúpi.

Rekstraraðila er heimilt að framleiða í kynslóðaskiptu eldi í sjókvíum á þremur sjókvíaeldissvæðum með eftirfarandi takmörkunum:

Sjókvíaeldissvæði A

Samanstendur af níu eldissvæðum í Álftafirði, Seyðisfirði og Skötufirði

- Hámarkslífmassi á hverjum tíma 3.500 tonn

Sjókvíaeldissvæði B

Samanstendur af þremur eldissvæðum við Bæjarhlíð

- Hámarkslífmassi á hverjum tíma 3.500 tonn

Sjókvíaeldissvæði C

Samanstendur af fimm eldissvæðum í Mjóafirði og Ísafirði

- Hámarkslífmassi á hverjum tíma 3.500 tonn

Eldið er að jafnaði á nokkrum eldissvæðum í senn og að loknu því tímabili eru eldissvæðin hvíld samanber gr. 3.2 í starfsleyfi.

Fjarlægðarmörk milli eldissvæða skulu vera samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1.mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð, meðhöndlun og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megi út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14.gr reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef burðarþolsmat svæðisins er metið of lítið fyrir rekstur stöðvarinnar.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breytingar verða á áhættumati Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum ekki er sinnt innan tiltekens frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og mengunareftirlit í samræmi við ákvæði í kafla 6. gr. og VI. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt grein 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau

endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á eldiskvíum, lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. greinar laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) á hverjum tíma sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færast á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

3.2 Hvíldartími

Hvert eldissvæði skal hvíla í a.m.k. 12 mánuði á milli eldislota (frá lokum slátrunar).

Þrátt fyrir hvíld eldissvæða skv. 1. mgr. getur Umhverfisstofnun einhliða frestað útsetningu eftir tólf mánaða hvíldartíma, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði/eldissvæði að mati Umhverfisstofnunar.

Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna.

3.3 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10,0 kg /tonn af lífmassaukningu á ári. Framleitt tonn miðast við lífmassaukningu árlega. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Eldiskvíar og ráðstafanir vegna uppsöfnunar fóðurleifa

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og gæði umhverfis er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Tilkynna skal eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu. Halda skal

starfseminni í hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi, þannig að mengunaráhrif, svo sem næringarefni, úrgangur eða súrefnisþurrð, valdi ekki skaða í öðrum atvinnurekstri, t.d. öðru sjávareldi. Nota skal traustar og góðar botnfestingar en þó skal forðast að raska botni eftir því sem kostur er.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin er í vatnshlotum nr. 101-1380-C og 101-1390-C¹. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi eldissvæðanna í firðinum hvað varðar líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða það, sbr. gr. 1.6 ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk samkvæmt 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að kvíum.

3.9 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

3.10 Umgengni um mengandi efni

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

¹ Vatnshlotanúmer eru skilgreind skv. III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og er flokkunin aðgengileg á Vatnavefsjónni (vatnshlota vefsjá) Veðurstofu Íslands. Skilgreint sjókvíaeldissvæði fellur inn á vatnshlot í Ísafjarðardjúpi nr. 101-1380-C og 101-1224-C.

3.11 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr kvíunum. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði greinar 3.9 um lífbrjótanlegan úrgang.

3.12 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.6 og 2.7.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hættu sé á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- framleiðslumagn og afföll,
- fódurnotkun, fódurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsi- og sótthreinsiefna,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni,
- þjálfun og reynslu starfsfólks sbr. gr. 2.3,
- staðsetningu og framleiðslumagn á hverjum stað,
- niðurstöður vöktunarmælinga,
- losun næringarefna,
- lyfjagjöf m.a. vegna laxalúsar (umfang og áætluð áhrif),
- útsetningu seiða (magn og dagsetning).

4.2 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður vöktunarmælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3. 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. ákvæði greinar 3.6. Rekstraraðili skal árlega skila inn þeim umhverfisupplýsingum sem honum ber skylda til, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og í samræmi við reglugerð sem ráðherra setur.

Vöktunarniðurstöðum skal skila árlega fyrir 1. maí í þar til gerða gagnagátt Umhverfisstofnunar undir stjórn vatnamála.

4.3 Umhverfisupplýsingar og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um

hollustuhætti og mengunarvarnir um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum í samræmi við reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald og reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.2. Skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunaráætlun

Vakta skal gæðabætti sem hafa verið samþykktir af Umhverfisstofnun, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, og skulu þeir tilgreindir í vöktunaráætlun. Vöktunaráætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni og endurskoðuð reglulega.

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni kvíanna í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera samkvæmt staðlinum ÍST ISO 12878 og samþykktum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðabáttum² og gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar. Meta skal umhverfisástand sjávarbotns, t.d. með myndatökum af botninum. Taka skal mið af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar, m.a. „Upplýsingar um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva“ og síðari viðbótum um vöktun sjókvíaeldis, og útfæra áætlunina í samræmi við staðbundnar aðstæður. Endurskoða skal vöktunaráætlun óski Umhverfisstofnunar eftir því, t.d. ef hætt er að vinna eftir umhverfisvottunum eða umhverfisstjórnunarkerfi.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni kvíanna samkvæmt gr. 5.1 eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMNI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

² Samkvæmt lögum 36/2011 um stjórn vatnamála
Síða 8 af 20

7 GILDISTAKA


Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 28. maí 2036.


Með gildistöku þessa starfsleyfis falla úr gildi eldri starfsleyfi rekstraraðila skráð á Gunnvör hf. í Bæjarhlíð, Skötufirði og í Álfra- og Seyðisfirði. Greinargerð vegna útgáfunnar fylgir starfsleyfi.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.


Reykjavík 28. maí 2020

Umhverfisstofnun


Sigrún Agústs dóttir
forstjóri


Steinar Rafn Beck
sérfræðingur

Viðauki 1



Á kortinu má sjá staðsetningar eldissvæða í Álftafirði, Seyðisfirði og Skötufirði (sjókvíaldissvæði A), eldissvæða í Bæjarhlíð (sjókvíaldissvæði B) og eldissvæða í Mjóafirði og Ísafirði (sjókvíaldissvæði C).

Viðauki 2

Hnit eldissvæða í Álftafirði og Seyðisfirði (sjókvíaeldissvæði A)

Heiti	Staðsetning				Dýpi (m)	Áhrifavæði (m)
	Hnit 1	Hnit 2	Hnit 3	Hnit 4		
A. Utan við Langeyri	22°59,2 66°02,02	25°58,2 66°02,02	22°58,2 66°01,13	22°59,2 66°01,13	35	600 x 1.200
B. Utan við Eyri	22°55,1 66°01,23	22°54,2 66°01,35	22°53,9 66°00,68	22°54,7 66°00,60	40	600 x 1.200
C. Innan við Eyri	22°55,2 66°00,37	22°54,7 66°00,22	22°55,4 65°59,82	22°56,0 66°00,00	25	400 x 1.000
D. Kofradýpi	22°58,9 66°03,00	22°58,2 66°03,00	22°58,2 66°02,56	22°58,9 66°02,56	30	400 x 1.200
E. Innan við Langeyri	22°59,5 66°00,96	22°59,1 66°00,80	22°59,8 66°00,37	23°00,4 66°00,52	40	400 x 1.000
F. Kamsnes	22°55,8 66°02,12	22°54,9 66°02,20	22°54,5 66°01,63	22°55,4 66°01,52	40	600 x 1.200

Hnit eldissvæða í Skötufirði (sjókvíaeldissvæði A)

Heiti	Staðsetning				Dýpi (m)	Áhrifavæði (m)
	Hnit 1	Hnit 2	Hnit 3	Hnit 4		
Ögumes	66°03,87 N 22°48,02 V	66°03,87 N 22°47,36 V	66°03,29 N 22°47,35 V	66°03,29 N 22°48,02 V	80-90	1.100 x 500 m
Skarðshlíð	66°02,83 N 22°48,05 V	66°02,86 N 22°46,72 V	66°02,48 N 22°46,68 V	66°02,46 N 22°48,02 V	80-90	1.000 x 700 m
Skarð	66°01,28 N 22°48,57 V	66°01,27 N 22°47,90 V	66°00,62 N 22°47,96 V	66°00,63 N 22°48,62 V	17-110	1.200 x 500 m

Hnit eldissvæða við Bæjarhlíð (Sjókvíaeldissvæði B)

Heiti	Staðsetning				Dýpi (m)	Áhrifavæði (m)
	Hnit 1	Hnit 2	Hnit 3	Hnit 4		
Bæjarhlíð	66°04,44 N 22°36,68 V	66°04,29 N 22°35,15 V	66°04,02 N 22°35,29 V	66°04,18 N 22°36,84 V	90-100	1.200 x 500 m
Kaldalón	66°03,68 N 22°33,55 V	66°03,83 N 22°32,71 V	66°03,34 N 22°32,15 V	66°03,19 N 22°33,01 V	60-80	1.000 x 700 m
Ármúli	66°02,30 N 22°32,04 V	66°02,47 N 22°31,20 V	66°01,98 N 22°30,65 V	66°01,82 N 22°31,49 V	55-90	1.000 x 700 m

Hnit eldissvæða í Mjóafirði (Sjókvíaeldissvæði C)

Heiti	Staðsetning				Dýpi (m)	Áhrifavæði (m)
	Hnit 1	Hnit 2	Hnit 3	Hnit 4		
Látur	65°57,65 N 22°33,46 V	65°57,65 N 22°32,66 V	65°57,34 N 22°32,53 V	65°57,33 N 22°33,46 V	50-60	600 x 600 m
Vatnsfjarðarnes	65°58,71 N 22°32,66 V	65°58,63 N 22°31,89 V	65°58,100 N 22°32,19 V	65°58,18 N 22°32,95 V	35-70	1.000 x 600 m

Hnit eldissvæða í Ísafirði (Sjókvíaeldissvæði C)

Heiti	Staðsetning				Dýpi (m)	Áhrifavæði (m)
	Hnit 1	Hnit 2	Hnit 3	Hnit 4		
Biskupsvík	65°59,63 N 22°29,58 V	65°59,63 N 22°28,66 V	65°59,09 N 22°28,66 V	65°59,09 N 22°29,58 V	70-80	1.000 x 700 m
Hamar	66°00,45 N 22°27,60 V	66°00,15 N 22°26,51 V	65°59,83 N 22°27,00 V	66°00,13 N 22°28,09 V	50-80	1.000 x 700 m
Blævardalur	65°58,19 N 22°24,43 V	65°58,25 N 22°23,51 V	65°57,72 N 22°23,29 V	65°57,66 N 22°24,20 V	50-80	1.000 x 700 m

Viðauki 3

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Tilkynna þarf Umhverfisstofnun hvenær seiði verði sett út, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara sbr. gr. 3.2.
- Í gr. 4.2 er kveðið á um að skila eigi ársyfirliti fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.3 er ákvæði um að skiladagar fyrir umhverfisupplýsingar og útstreymisbókhald.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og meginþexta starfsleyfisins gildir meginþextinn.

Fylgiskjal

Greinargerð vegna vinnslu starfsleyfis fyrir Háafell ehf. í Ísafjarðardjúpi

1. Almennt

Háafell ehf. (520199-3149), Nauteyri, 510 Hólmavík sótti um starfsleyfi vegna eldis á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski í Ísafjarðardjúpi þann 17. ágúst 2018. Fyrirtækið hafði áður sótt um og fengið útgefið starfsleyfi fyrir sömu starfsemi sem fellt var úr gildi af úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála þann 25. október 2016 í kærumáli nr. 5/2017.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, til eldis á 6.800 tonnum af regnbogasilungi og 200 tonnum af þorski, á tímabilinu 12. nóvember til og með 12. desember 2019. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 12. nóvember ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send rekstraraðila, til sveitarfélaganna Ísafjarðarbær, Súðavíkurbætur og Strandabyggð, til heilbrigðiseftirlits Vestfjarða f.h. heilbrigðisnefndar og á aðra hagsmunaaðila sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun að samræmingu leyfisveitinga starfsleyfis og rekstrarleyfis. Tillögur að báðum leyfum voru auglýstar samtímis á vefsíðum stofnananna.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun hefur unnið starfsleyfi þar sem mat á umhverfisáhrifum hefur verið lagt til grundvallar leyfisveitingu. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal leyfisveitandi, við útgáfu leyfis til framkvæmdar, kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila og leggja álit

Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar til grundvallar. Umhverfisstofnun hefur yfirfarið ítarlega matsskýrslu framkvæmdaraðila ásamt viðbótarupplýsingum og bæði álit Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og hvort gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun birti álit um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar þann 1. apríl 2015. Umsækjandi sendi síðar inn viðbótarupplýsingar vegna mats á umhverfisáhrifum er sneri að valkostum að beiðni Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun kallaði eftir umsögn frá Skipulagsstofnun og hvort stofnunin teldi þörf á að gefa út nýtt álit vegna framkvæmdarinnar í ljósi nýrra gagna. Umsögn vegna viðbótargreinargerðar barst frá Skipulagsstofnun þann 16. júlí 2019. Skipulagsstofnun mat það svo að ekki væri nauðsyn á nýju mati í ljósi viðbótargreinargerðar framkvæmdaraðila vegna valkostaumræðu. Viðbótargreinargerðin ásamt umsögn Skipulagsstofnunar var birt á auglýsingatíma tillögunnar.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögur að matsáætlun og matsskýrslu framkvæmdaraðila og veitt umsagnir til Skipulagsstofnunar vegna þeirra í matsferlinu. Skipulagsstofnun fjallar í áliti sínu um málsmeðferð umhverfismatsins sem leiddi til álita Skipulagsstofnunar og telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að bæta við þá umfjöllun.

2.1 Valkostir

Framkvæmdaraðili fjallaði í matsskýrslu um þá framkvæmd sem hann sótti um. Í viðbótargreinargerð sem kallað var eftir vegna valkostaumræðu var fjallað um aðra kosti. Þar er gerð grein fyrir öðrum valkostum eins og núllkosti, staðsetningu kvía, umfangi eldis, landeldi, lokuðum kvíum, eldisferli og eldistegund. Að

mati Umhverfisstofnunar hefur framkvæmdaraðili gert fullnægjandi grein fyrir öðrum valkostum og rökstutt ástæðu valins kosts umfram aðra.

2.2 Umhverfisáhrif

Afstaða Umhverfisstofnunar um tiltekna þætti í umhverfismati er eftirfarandi:

Áhrif á burðargetu

Á þeim tíma er matið fór fram lá ekki fyrir mat á burðarþoli fyrir Ísafjarðardjúp. Hraðfrystihús Gunnvarar (nú Háafell ehf.) hafði fengið undanþágu vegna burðarþols frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna eldisins árið 2014. Í mars 2017 lá fyrir mat á burðarþoli fyrir Ísafjarðardjúp á vegum Hafrannsóknastofnunar upp á 30.000 tonna lífmassa.

Umsóknaraðili um starfsleyfi lagði fram matsáætlun árið 2014 þar sem kom fram fyrirhuguð framleiðsla upp á 7.000 tonn á ári. Umhverfisstofnun hefur farið yfir þau gögn sem liggja fyrir í málinu frá umsókn ásamt gögnum umhverfismats og álit Skipulagsstofnunar. Í burðarþoli fjarðarins er gert ráð fyrir þessum eldisframkvæmdum og mælst til að þær verði ekki meiri en sem nemur þessu leyfi innan Æðeyjar.

Umhverfisstofnun telur að tekið hafi verið með fullnægjandi hætti á mengunarpáttum í starfsleyfi og að áhrif eldisins séu lágmarkuð með tilliti til þeirrar mengunar sem verður ásamt því að lágmarka þau áhrif sem eldið hefur á svæðið til lengri tíma. Þá hefur ákvörðun um starfsleyfi verið byggð á vísindalegum grunni og varúðarsjónarmiðum í samræmi við niðurstöður þar til bærra stofnanna. Framkvæmdin rúmast vel innan burðarþolsmats.

Áhrif á botndýralíf

Umhverfisstofnun hefur farið yfir þau áhrif sem kynnt eru í matsskýrslu ásamt þeim viðbótargögnum og álitum sem fyrir liggja varðandi mat á áhrifum eldisins á lífríki fjarðanna. Telur stofnunin að þau áhrif sem koma til með að verða af eldinu geti verið talsvert neikvæð á takmörkuðu svæði við eldiskvíar en áhrifin séu afturkræf ef starfsemi verði hætt. Áhrifin verði samt sem áður takmörkuð við eldissvæðin meðan eldi er í gangi en með þeirri hvíld og þeirri vöktun og eftirliti sem haft verður með ástandi sjávar sé hægt að bregðast við aðstæðum með viðeigandi ráðstöfnunum ef þörf krefur.

Eldinu er hagað með þeim hætti að svæði eru hvíld á milli eldislota þannig að svæðin nái að endurnýja sig og í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í mati á umhverfisáhrifum. Áhrif vegna lífbrjótanlegs úrgangs teljast vera afturkræf ef eldi verði hætt en fylgst verður vel með þeim áhrifum þar sem gerð er krafa um að rekstraraðili vakti eldið samkvæmt ÍST ISO 12878 staðlinum.

Að mati Umhverfisstofnunar verður eftirlit með mengunarpætti eldisins sem fjallað hefur verið um hér að ofan með fullnægjandi hætti og því fylgt eftir með reglubundnu eftirliti með starfseminni. Rekstraraðili leggur fram vöktunaráætlun frá óháðum aðila þar sem vöktuninni er lýst og vísað í þá staðla sem unnið er eftir. Starfsleyfi er þannig uppbyggt að hægt er að stöðva útsetningu á svæði teljist þau ekki þola aukið álag ef niðurstöður vöktunar benda til þess. Með þeim aðgerðum sem tiltekin eru í starfsleyfi rekstraraðila telur Umhverfisstofnun að áhrif eldisins verði takmörkuð og afturkræf.

Áhrif á villta laxfiska (laxalús, fisksjúkdóma og slysasleppingar)

Umhverfisstofnun telur að áhrif vegna sjúkdóma og laxalúsar geti orðið nokkuð neikvæð fyrir þá laxfiskastofna sem eru í næsta nágrenni við eldissvæðin. Rekstraraðili skiptir eldinu þannig að árgangssvæðin eru milli fjarða þar sem lítil hætta er talin á að sjúkdómar eða laxalús berist þar á milli.

Umhverfisstofnun vill jafnframt benda á að laxalús er tilkynningaskyld til Matvælastofnunar og er þannig metið í hverju tilfelli fyrir sig hvernig brugðist er við. Ef notast á við lyf ber ávallt að skoða samverkandi umhverfisþætti sem geta haft áhrif á dreifingu, niðurbrot og þynningu. Rekstrarleyfi Matvælastofnunar nær til þessara þátta þar sem lögð hefur verið fram viðbragðsáætlun og áætlun um mótvægisáðgerðir

sem stofnunin þarf að samþykkja. Dreigið er verulega úr hættu á slysasleppingum með notkun á búnaðarstaðlinum NS 9415 en einnig verða stærri seiði sett út í kvíar sem minnkar hættu á að seiði sleppi.

Áhrif á aðrar nytjar (fiskveiðar, rækjuveiðar og hlunnindanyttjar)

Umhverfisstofnun telur að áhrif eldisins á fiskveiðar í innanverðu Ísafjarðardjúpi verði mjög takmörkuð þar sem fiskveiðar hafa verið litlar á svæðinu innan við Æðey þar sem eldið er fyrirhugað. Helstu veiðar fara fram á þorski sem veiddur er til áframeldis af umsóknaraðila. Rækjuveiðar hafa verið stundaðar í nálægð við fyrirhuguð eldissvæði. Rækjustofninn í Ísafjarðardjúpi hefur verið mjög lítill og nýliðunin langt undir meðallagi árin 2016-2019. Áhrif eldisins eru nokkuð óljós þ.e. hvort þau verði neikvæð eða jákvæð fyrir rækjuveiðar að mati stofnunarinnar m.t.t. lífræns álags. Aðrar nytjar, líkt og æðavarp, eru í nágrenni við eldissvæði og að mati stofnunarinnar mikilvægt að fylgjast með áhrifum á það í næsta nágrenni. Gæta þarf hreinlætis og lágmarka truflun á varptíma. Gerð verður krafa í vöktunaráætlun um að fylgst verði með fuglalífi í nálægð við eldissvæðin í Ísafjarðardjúpi.

Áhrif á aðra þætti eru að mati stofnunarinnar mjög takmörkuð og afturkræf ef eldið hættir.

2.3 Verndarsvæði

Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin á þeim svæðum sem eru á náttúruminjaskrá og eru í nágrenni við eldissvæði muni ekki hafa áhrif á þá náttúruþætti sem gefa svæðunum sitt sérstaka gildi.

2.5 Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að þær kröfur og sú vöktun sem tilgreind er í starfsleyfi og vöktunaráætlun sé fullnægjandi til að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar frá eldinu á annað lífríki fjarðarins. Áhrif eldisins verði helst á takmörkuðu svæði í og við botn næst svæðunum þar sem súrefnisinnihald getur minnkað meðfram því sem aukið magn uppleystra næringarefna frá eldinu berst í viðtakann. Áhrifin eru staðbundin og með hvíld svæða milli eldislota verði þau tímabundin og afturkræf. Að mati Umhverfisstofnunar verður vöktun því fullnægjandi og ef svæði sýna neikvæða þróun m.t.t. umhverfisþátta er hægt að takmarka og/eða draga úr notkun svæða í samráði við leyfishafa.

Umhverfisstofnun telur að umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og sé lögmætur grundvöllur fyrir útgáfu leyfis.

3. Athugasemdir

Umhverfisstofnun bærust athugasemdir frá fjórum aðilum á auglýsingatíma. Athugasemdir bærust frá Óttari Yngvasyni fyrir hönd nokkurra aðila, Landsambandi veiðifélaga, Veiðifélagi Langárdals- og Hvannárdalsdeildar og eigendum Arngerðareyrar og Laugabóls í Ísafirði.

Hér á eftir fylgir úrdráttur úr umsögn og viðbrögð Umhverfisstofnunar við þeim athugasemdum sem þar koma fram.

Gerð er athugasemd við að útgáfu leyfanna eigi að byggja á eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008, sbr. bráðabirgðaákvæði í b. (II.) lið 24. gr. laga nr. 101/2019.

Með lögum nr. 101/2019 voru gerðar efnisbreytingar á lögum um fiskeldi nr. 71/2008. Þar sem mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafði farið fram fyrir gildistöku laganna skal meðferð og afgreiðsla rekstrarleyfis fara skv. ákvæðum eldi laga sbr. 24. gr. breytingarlaganna grein b. (II.), sbr. ákvæði (II.) til bráðabirgða í lögum nr. 71/2008.

Gerðar eru athugasemdir við að úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 20. júní 2017 hafi grundvallast á mörgum annmörkum sem enn eigi við í dag, m.a. um mat á umhverfisáhrifum, fisksjúkdóma og laxalús, meðalveiði áa og ófullnægjandi umfjöllun um valkosti. Samt sem áður er rakið burðarþolsmat og áhættumat erfðablöndunar fyrir lax í athugasemdinni.

Í 10. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit segir að starfsleyfi skuli fylgja greinargerð þar sem farið er yfir málsmeðferðina, tekin afstaða til niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum ef við á og gerð grein fyrir afstöðu útgefanda starfsleyfis til athugasemda sem bárust. Sú málsmeðferð er í samræmi við þá athugun stofnunarinnar sem byggist á 2. og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Leggja skal álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum til grundvallar leyfisveitingu. Ef leyfisveitandi telur að afla þurfi frekari upplýsinga til að varpa ljósi á umhverfisáhrif framkvæmdarinnar getur hann farið fram á frekari upplýsingar frá umsækjanda við rannsókn málsins.

Umhverfisstofnun hefur farið ítarlega yfir matsskýrslu framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar, m.t.t. þess hvort umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið lýst með fullnægjandi hætti og hvort gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Stofnunin óskaði einnig eftir viðbótarupplýsingum um matið varðandi umhverfisáhrif mismunandi valkosta og gætti að opinberri birtingu viðbótarupplýsinga, sem voru auglýstar opinberlega með starfsleyfistillögu. Telur stofnunin að málsmeðferðin sé traustur grundvöllur ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis. Farið hafi verið yfir tillögu að matsáætlun framkvæmdaraðila og matsskýrslu framkvæmdarinnar og m.a. veittar umsagnir til Skipulagsstofnunar í málsmeðferðinni. Brugðist hafi verið við athugasemdum með viðunandi hætti og var einnig tekið á þeim í ákvæðum starfsleyfis. Þá hafi stofnunin tekið á móti og farið yfir umsókn um starfsleyfi ásamt fylgigögnum.

Umfjöllun um fisksjúkdóma og laxalús er í kafla 2.2. hér að ofan.

Gerð er athugasemd við að meðferð Umhverfisstofnunar sé hluti af umhverfismatsferli og meðferð umsóknarinnar ætti því að fara samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Vísað er til umfjöllunar að ofan um mat á umhverfisáhrifum.

Gerð er athugasemd við að eldissvæði séu í minna en 15 km. fjarlægð frá veiðiám með meira en 500 laxa meðalveiði síðastliðin 10 ár, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 105/2000. Einnig beri að horfa til ákvæðis 2. mgr. 6. gr. laga nr. 71/2008 vegna fjarlægðar eldisstöðva frá veiðiám og veiðiverðmæta innan svæðisins.

Umhverfisstofnun vísar til þess að ákvæði er varðar fjarlægðamörk hefur verið fjarlægt úr reglugerð nr. 105/2000 með breytingareglugerð nr. 55/2019 og á því ekki við. Ákvæði sama efnis er í reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi í 3. mgr. 4. gr. Þessar upplýsingar eru til umfjöllunar við útgáfu rekstrarleyfis Matvælastofnunar og gerð grein fyrir í greinargerð með rekstrarleyfi. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun eru þær ár sem eru næstar eldisvæðunum í meira en 5 km. fjarlægð.

Gerð er athugasemd við að gífurlegt magn úrgangs falli til við eldið. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þurfi til að farga öðrum úrgangi.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi vegna eldis sjávar- og ferskvatnslífvera á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Markmið þeirra laga er m.a. að koma í veg fyrir eða draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið. Við útgáfu starfsleyfis er gætt að markmiðsákvæðum laganna, sem fara ekki gegn markmiðsákvæðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Umhverfisstofnun bendir jafnfram á að fyrir liggur mat á burðarþoli fyrir Ísafjarðardjúp upp á 30.000 tonna lífmassa. Burðarþolið metur hve mikið lífrænt álag sé hægt að leggja á viðkomandi svæði. Í burðarþolsmatinu er sérstaklega tekið fram að eldi innan Æðeyjar verði ekki meira en fyrirætlanir eru um þ.e. þær heimildir sem nú er verið að gefa út. Einnig bendir stofnunin á að ef breytingar verða á burðarþoli Ísafjarðardjúps er hægt að taka leyfið upp og endurskoða það.

Í starfsleyfinu er ákvæði um varnir gegn mengun ytra umhverfis, m.a. um meðhöndlun úrgangs, en einnig er fjallað um umhverfsvöktun og vöktunaráætlun. Skal vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni undir og við eldiskvíar byggja á staðlinum ISO 12878. Eitt helsta markmið starfsleyfisins er að taka á losun á lífrænu efni.

Gerð er athugasemd við að ekkert sé fjallað um upplýsingarétt almennings varðandi óhöpp eða slysasleppingar í leyfinu og vísað til 4. gr. Árórsamningsins um upplýsingarétt almennings.

Umhverfisstofnun vísar til greinar 1.8 í starfsleyfi þessu þar sem fjallað er um upplýsingarétt almennings og með hvaða hætti stofnunin bregst við þegar mengunaróhöpp eiga sér stað.

Umhverfisstofnun veitir leyfi á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Tilkynningar er varða slysasleppingar eru á vegum Matvælastofnunar, sbr. rekstrarleyfi.

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður mengunarvarnaeftirlits opinberlega og einnig er upplýsingastefna Umhverfisstofnunar birt á vefsíðu stofnunarinnar.

Gerð er athugasemd við að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafi eftirlit með því að náttúru Íslands sé ekki spilt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri samkvæmt a-lið 75. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, varúðarreglu sömu laga, rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga og 1. mgr. laga um fiskeldi. Jafnframt er bent á ákvæði 63. gr. laga nr. 60/2013 um innflutning og dreifingu á framandi lífverum. Stofnuninni beri ekki eingöngu að skoða mengunarpátt framkvæmdarinnar við útgáfu heldur öll áhrif á náttúruna, það hafi stofnunin ekki gert.

Umhverfisstofnun metur það svo að hún hafi gætt að lagaskyldum sínum samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að meginreglur í I.-II. kafla laganna hafa að geyma leiðarljós sem stjórnvöldum ber að taka almennt mið af við setningu stjórnvaldsfyrirmæla og töku ákvarðana. Að baki eru einnig óskráðar meginreglur umhverfisréttar. Meginreglurnar eru vegnar inn í það ferli sem fylgir leyfisveitingum stofnunarinnar og byggja á lögum og reglugerðum, m.a. um mat á umhverfisáhrifum og málsmeðferð sem lýtur að undirbúningi og útgáfu starfsleyfis fyrir mengandi atvinnurekstur. Stofnunin vinnur samkvæmt vottuðu gæðakerfi sem ætlað er að tryggja fagleg vinnubrögð og við gerð ferla eru meginreglur umhverfisréttar hafðar til hliðsjónar. Starfsleyfi séu gefin út fyrir mengandi starfsemi á grundvelli laga nr. 7/1998. Einnig er litið til annarra réttarheimilda við útgáfu starfsleyfisins sem hafi efnislega þýðingu, þ.á.m. laga um mat á umhverfisáhrifum og meginreglna í náttúruverndarlögum. Tekið hefur verið mið af meginreglum og sjónarmiðum laganna við undirbúning starfsleyfisins. Stofnunin telur að mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hafi verið fullnægjandi.

Gerð er athugasemd við að í málsmeðferð Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar sé ekki tekið tillit til lögverndaðs eignaréttar annarra nær og fjær og þess skaða sem eldisstarfsemi getur haft á slík réttindi.

Svæði þar sem óheimilt er að starfrækja fiskeldi í sjó vegna veiðiréttarhagsmuna eru afmörkuð sérstaklega, sbr. auglýsingu nr. 460/2004. Lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, gera ráð fyrir að heimilt sé að veita starfsleyfi fyrir eldi sjávarlífvera (fiskeldi). Ekki er um að ræða aðra lögbundna svæðisbundna afmörkun sambærilega við afmörkun iðnaðarsvæða í skipulagi sem starfsleyfisútgáfa á landi

þarf að byggjast á. Ekki hefur heldur verið skilgreindur bótaréttur vegna ráðstöfunar hafsvæðis á sama hátt og gert er í skipulagslögum vegna áhrifa landnotkunarákvarðana skipulags á verðmæti eigna. Lög gera ekki ráð fyrir því að Umhverfisstofnun geri, við gerð starfsleyfis, ráðstafanir varðandi slíka einkaréttarlega hagsmuni eins og t.a.m. áhrif starfsemi á verð á veiðiréttindum jarðeigenda og nýtingu hlunninda. Viðfangsefni starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi er einkum að fjalla um mögulega mengun frá atvinnurekstri, setja losunarmörk vegna mengunar og verklagsreglur í samræmi við viðkomandi lög og reglugerðir og draga með því úr áhrifum þeirrar mengunar sem óhjákvæmilega verður vegna mengandi atvinnustarfsemi, með það að markmiði að tryggja mengunarvarnir með sjálfbærni að leiðarljósi.

Gerð er athugasemd um að það skorti á að fjallað sé um ábyrgðatryggingu í starfs- og rekstrarleyfi vegna tjóns veiðiréttareigenda vegna eldisstarfseminnar. Sú umfjöllun sem sé í grein 1.9 í starfsleyfi sé alls ófullnægjandi.

Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð mæla ekki fyrir um að fram skuli fara sérstakt mat á tjóni eða yfirvofandi hættu á tjóni við undirbúning starfsleyfa. Umhverfisáætla heilt yfir er innbyggð í ferli um mat á umhverfisáhrifum og vinnslu starfsleyfis. Á þeim grunni eru sett í starfsleyfi bindandi ákvæði sem byggja á bestu aðgengilegu tækni til að draga úr áhættu fyrir umhverfið og því er svo fylgt eftir með mengunarvarnareftirliti. Um ábyrgð rekstraraðila vegna laga nr. 55/2012 er fjallað um í gr. 1.9 í starfsleyfi.

Gerð er athugasemd við að ekki liggi fyrir lagaheimild til afnota hafsvæðisins samkvæmt 2. ml. 40. gr. stjórnarskrárinnar. Ekki sé vitað til þess að framkvæmdaraðili hafi lagt fram skilríki fyrir afnotum sínum af hafinu líkt og krafist er skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi.

Samkvæmt Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands má ekki láta af hendi afnotarétt af fasteignum landsins nema samkvæmt lagaheimild. Ekki verður séð að afmörkuð hafsvæði utan netlaga geti flokkast undir hugtakið fasteign. Samkvæmt lögum nr. 41/1979 um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn er íslenska ríkið með óskoraðan fullveldisrétt innan landhelginnar og einnig í efnahagslögsögu að því er varðar rannsóknir, hagnýtingu, verndun og stjórnun auðlinda, lífrænna og ólífrænna, á hafsbotni og í honum, í hafinu yfir honum svo og aðrar athafnir varðandi efnahagslega nýtingu og rannsóknir innan svæðisins. Lög nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafbotnsins fjalla um ólífrænar og lífrænar auðlindir á, í eða undir hafsbotninum, annarra en lifandi vera. Einnig er mælt fyrir um leyfi Orkustofnunar ef um sé að ræða töku eða nýtingu efnis af hafsbotni eða úr honum. Ákvarðanir Orkustofnunar geta verið kærðar sérstaklega og vísast nánar um leyfisveitingaferli Orkustofnunar til þeirrar stofnunar.

Í þessu tilviki hefur löggjafinn ákveðið að Umhverfisstofnun gefi út starfsleyfi fyrir eldi sjávarlífvera, sbr. lög nr. 7/1998 og Matvælastofnun fari með útgáfu rekstrarleyfa fyrir fiskeldi. Þá er bent á auglýsingu nr. 460/2004 um friðunarsvæði þar sem eldi laxfiska (fam. salmonidae) í sjókvíum er óheimilt. Jafnframt er bent á að í dómi Héraðsdóms Reykjaness nr. E-386/2017 hafi dómurinn talið að íslenskum stjórnvöldum væri veitt heimild skv. lögum nr. 71/2008 að afhenda afnotarétt af því hafsvæði þar sem starfsemi laxeldis fari fram. Þá sé bent á umfjöllun í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 2/2018 og nr. 26/2019 og nr. 28/2019 um afnot hafsvæða og leyfisveitingar fyrir fiskeldi.

Gerð er athugasemd við að sjókvíaeldið sé andstætt lagaákvæðum og að um sé að ræða framandi og skaðlega tegund. Starfsemin brjóti gegn 1., 2. og 9. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Einnig í andstöðu við 1. mgr. 1. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Hvergi sé fjallað um að notast við staðalinn NS 9415:2009 skv. 2. gr. reglugerðar nr. 1170/2015.

Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi á grundvelli laga nr. 7/1998. Markmiðsákvæði þeirra laga eru m.a. að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun

úrgangs í því skyni að vernda umhverfið. Umhverfisstofnun telur að við ákvörðun um útgáfu starfsleyfis í þessu máli hafi veri gætt að markmiðum laganna sem ekki verður séð að farið hafi verið gegn markmiðsákvæðum laga nr. 71/2008. Unnið er að markmiðum beggja laga með málsmeðferð hjá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun og þarf rekstraraðili að hafa fengið útgefin tvö mismunandi leyfi, frá Umhverfisstofnun annars vegar og Matvælastofnun hins vegar, til að geta hafið starfsemi, sem er einnig háð málsmeðferð skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem kemur inn á málsmeðferð beggja leyfisveitenda.

Um brot á náttúruverndarlögum vísast til þess sem áður hefur verið fjallað um. Varðandi norska staðalinn NS 9415:2009 um fiskeldismannvirki í sjó vísast til rekstrarleyfis og Matvælastofnunar.

Umhverfisstofnun tekur fram að starfsleyfi fyrir eldinu og innflutningsleyfi fyrir framandi lífverur eru tvö aðskilin leyfi.

Gerð er athugasemd við að verið sé að gefa út starfs- og rekstrarleyfi fyrir regnbogaeldi þegar augljóst þykir að framkvæmdaraðili ætli að stunda laxeldi þar sem það sé nú í ferli hjá Skipulagsstofnun.

Starfsleyfi þetta tekur til eldis á regnbogasilungi og þorski og nær ekki til annarra tegunda eins og lax.

Gerð er athugasemd við að fyrirhuguð starfsemi sé í andstöðu við ný samþykkt landskipulagsstefnu 2015-2026 sem fjallar um svæðisbundna skipulagsgerð fyrir haf- og strandsvæði og nýtingu þeirra. Einnig að úthlutun svæði sé með öðrum hætti hér en þeim er kynnt hefur verið þ.e. að Hafrannsóknastofnun ákveði skiptingu fjarða.

Ekki liggur fyrir staðfest strandsvæðisskipulag í þessu tilviki. Um úthlutun svæða skv. lögum um fiskeldi fer eftir eldri ákvæðum laganna sbr. II. bráðabirgðaákvæði laganna. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun vinna með samræmdum hætti við útgáfu starfsleyfis og rekstrarleyfis.

Gerð er athugasemd við að álit Skipulagsstofnunar sé gefið út á annan lögaðila þ.e. Hraðfrystihúsið Gunnvör en ekki þann aðila er tillaga að leyfum er auglýst vegna.

Umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar hefur verið lýst með fullnægjandi hætti að mati Umhverfisstofnunar. Vert er að nefna að mat á umhverfisáhrifum gildir um framkvæmdina sem slíka.

Gerð er athugasemd við að mikil lúsa- og sjúkdómshætta verði af eldinu. Umhverfisstofnun beri að fjalla um staðbundna mengun af völdum lúsafaraldurs.

Sjá umfjöllun í kafla 2 hér að ofan, einnig í áliti Skipulagsstofnunar og í matsskýrslu framkvæmdaraðila. Að öðru leyti vísast til greinargerðar Matvælastofnunar.

Gerð er athugasemd við að valkostagreining sem framkvæmdaraðili leggur fram sé ófullnægjandi og byggð á úreltum upplýsingum og þá sérstaklega vísað til núll kosts.

Valkostagreining byggir á upplýsingum frá árinu 2019, þ.e. nýjum upplýsingum sem Umhverfisstofnun óskaði eftir við vinnslu málsins. Telur stofnunin að upplýsingarnar séu fullnægjandi.

4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Umhverfisstofnun hefur gert breytingar í eftirfarandi greinum frá auglýstri tillögu.

Gr. 1.1 Bætt hefur verið við setningunni „Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu“.

Gr. 3.4 Þar sem kom fram að losun fosfórs í viðtaka mætti ekki fara fram úr 9,0 kg/tonn af framleiddum fiski. Breytingin er að losun fosfórs má ekki fara fram úr 10/kg tonn af lífmassaaukningu ársins. Leiðrétting

sem er gerð vegna lagfæringar á reikniformúlu sem metur losun en einnig miðað við lífmassaukningu ársins.

Gr. 3.5 Þar sem setningin „þéttleiki lífmassa í kví skal ekki vera meiri en 15 kg/m^3 “ hefur verið tekin út þar sem rekstrarleyfi veitir heimildir fyrir þéttleika í kvíum og breytir ekki áhrifum vegna lífræna álagsins sem hvert svæði hefur verið metið til að þola.

Gr. 4.2 Síðasta málsgreinin var gerð skýrari varðandi hvenær skuli skila vöktunarniðurstöðum og hvar.

Gerðar hafa verið breytingar á lagatilvísunum og þær uppfærðar.

5. Gildistaka

Umhverfisstofnun hefur eftir yfirferð og í samræmi við málsmeðferðarreglur tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis, sbr. umsókn rekstraraðila um starfsleyfi og fullnægjandi mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem koma fram í starfsleyfinu. Unnið hefur verið með Matvælastofnun að samræmingu við leyfisútgáfu rekstrarleyfis, en leyfin eru afhent rekstraraðila samtímis.